

Erindisbréf

Starfshópur um atvinnustefnu Hafnarfjarðar

Hlutverk:

Starfshópurinn hefur það hlutverk að móta heildstæða atvinnustefnu fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Meginverkefni hópsins er að setja sveitarfélaginu atvinnustefnu með eftirfarandi markmið:

- Móta framtíðarsýn um þróun atvinnulífs í sveitarfélaginu sem verður leiðarvísir í skipulagsmálum og uppbyggingu innviða og þjónustu við atvinnulíf.
- Tryggja jafnræði, skýra forgangsröðun og gagnsæi gagnvart hagaðilum.
- Bæta ímynd og styrkja samkeppnishæfni sveitarfélagsins gagnvart fjárfestum, fyrirtækjum og mannaúði.
- Styðja við markvissa nýtingu lands, skipulag atvinnusvæða og framboðs lóða til atvinnurekstrar.
- Leggja grundvöll að sértækum þróunarverkefnum, svo sem í fasteignaþróun og uppbyggingu atvinnusvæða.

Framkvæmdahópurinn skal hefja störf þá þegar eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn og starfar hann í umboði ráðsins. Vinna með hliðsjón af meginverkefnum hópsins skal kynnt fyrir bæjarráði eigi síðar en fyrir árslok 2026 og lýkur framkvæmdahópurinn þar með störfum.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Fundir hópsins eru haldnir eftir þörfum en formaður skal boða til fundar hverju sinni. Formaður skal jafnframt stýra skiptingum verkefna á milli fulltrúa í hópnum og koma fyrir bæjarráð til kynningar á störfum.

Skipaðir eru 3 kjörnir fulltrúar í framkvæmdahópinn:

2 fulltrúar frá meirihluta og þar af formaður starfshópsins.
1 fulltrúi frá minnihluta

Með hópnum starfa:

Árdís Ármannsdóttir

Mögulegt er að boða aðra starfsmenn eftir þörfum til verkefna framkvæmdahópsins.

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“

Samþykkt í bæjarráði hinn 9. júlí 2026.